

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. október 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-27/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 4. apríl 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um úlpu sem keypt var af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur úlpuna gallaða og krefst endurgreiðslu eða afhendingu á nýrri úlpu.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 4. apríl 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 26. október 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á úlpu af gerðinni 66°norður, þann 12. janúar 2017 á útsöllumarkaði seljanda fyrir 34.750 krónur. Um það bil níu mánuðum síðar, eða í október sama ár, segir álitsbeiðandi að úlpan hafi byrjað að vera „hálf snjád“ á saumum. Í mars 2018 kom svo blettur í úlpuna og álitsbeiðandi fór því með hana í hreinsun. Þegar álitsbeiðandi náði svo í úlpuna í hreinsun var hún öll snjád og búin að missa a.m.k. 30% af lit, en úlpan var dökkbrún við kaupin og er nú ljósbrún með brúnni slykju á efninu. Starfsmenn fatahreinsunarinnar sögðust aðeins hafa fylgt þvottaleiðbeiningum seljanda og ekki hafa lent í slíku áður.

Álitsbeiðandi hafði í kjölfarið samband við starfsmann hjá seljanda sem bað hana um að senda sér myndir af úlpunni, sem hún gerði. Álitsbeiðandi fékk í kjölfarið það svar hjá seljanda að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum á saumastofu seljanda eigi þetta tiltekna efni að „veðrast“ en álitsbeiðandi var ekki sátt við þau svör. Seljandi bað þá um að fá úlpuna afhenta til að sýna starfsmönnum saumastofunnar.

Tveimur dögum síðar var álitsbeiðandi beðin um að sækja úlpuna og hafði hún í kjölfarið samband við starfsmann seljanda á ný. Samkvæmt starfsmanninum voru svörin á saumastofunni þau sömu og áður eftir skoðun á úlpunni, að efnið ætti að veðrast. Þá skoðuðu aðrir starfsmenn hjá seljanda úlpuna og sögðu einnig að efnið ætti að veðrast líkt og það gerði.

Álitsbeiðandi var ekki sátt við þessi svör og bað seljanda um að „koma til móts“ við hana en seljandi vildi ekki verða við því. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að fá úlpuna endurgreidda eða fá afhenta nýja sambærilega úlpu.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi úlpu af gerðinni 66° norður í janúar árið 2017. Í mars 2018 var úlpan sett í hreinsun en þegar hún kom úr hreinsuninni var hún verulega snjád og litur úlpunnar hafði farið úr dökkbrúnum í ljósbrúnan. Álitsbeiðandi telur að efni úlpunnar sé gallað og krefst endurgreiðslu á kaupverði eða nýrrar afhendingar á sambærilegri úlpu.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu.

Samkvæmt síðastgreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að úlpan hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Úlpan var sett í hreinsun rúmlega einu ári eftir kaupin og hvílir því á álitsbeiðanda að sýna fram á að hún hafi verið haldin galla við kaupin. Ekki er hægt að fullyrða um það hversu lengi slík úlpa á að endast og hlýtur endingartíminn raunar að fara eftir aðstæðum hverju sinni, meðferð og notkun úlpunnar. Almennt má þó gera ráð fyrir að efni slíkrar úlpu eigi að endast lengur en úlpa álitsbeiðanda. Þá ætti efni úlpunnar einnig að þola venjulegan þvott þar sem leiðbeiningum er fylgt án þess að liturinn lýsist verulega líkt og í tilfelli álitsbeiðanda.

Hins vegar er ekki hægt að líta framhjá því að úlpan kom í þessu ástandi úr hreinsun. Er ekki unnt að slá því föstu að úlpan hafi verið haldin galla við sölu hennar í upphafi þar sem ekki hefur verið sýnt fram á það með nokkurri vissu að þvottaleiðbeiningum hafi verið fylgt af hálfu fatahreinsunarinnar. Geta aðferðir sem notaðar voru við hreinsunina hafa valdið því að liturinn fór úr úlpunni með því að fylgja ekki leiðbeiningum að fullu. Kæruneftndinni er því ekki annað fært með hliðsjón af framangreindu en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## V

### Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson